

57/1978 um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. af starfsmannaráði og viðkomandi sveitarstjórn.

Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn.

Stjórnin skal kosin til tveggja ára eftir hvert reglulegt sambandsþing.

Stjórn stofnunarinnar heldur fundi svo oft, sem þörf krefur og skulu fundargerðir hennar bókaðar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er fundur lögmætur ef meira en helmingur stjórnarinnar situr fund.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og yfirlækni í samráði við sambandsstjórn S.Í.B.S. Framkvæmdastjóri og yfirlæknir ráða annað starfsfólk og ákveða kjör í samráði við stjórn stofnunarinnar.

6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórn stofnunarinnar skal gæta þess, að vörubirgðir, peningar og aðrar eignir séu rétt taldar um áramót. Reikningar stofnunarinnar skulu lagðir fyrir sambandsstjórn, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, til samþykktar.

7. gr.

Stjórnin ákveður laun og hámarksvinnutíma þeirra sem vinna vernduð störf.

8. gr.

Yfirlækni og framkvæmdastjóra er heimilt að vísa þeim vistmanni burt af heimilinu, sem með hegðun sinni veldur truflunum eða verður uppvis að vanrækslu við störf sín.

9. gr.

Stjórn S.Í.B.S. getur breytt reglugerð þessari að fenginni umsögn eða tillögu stjórnar og yfirlæknis stofnunarinnar, enda verði breytingar staðfestar af heilbrigðismálaráðuneytinu.

10. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 57/1978 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 12 24. janúar 1945 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. nóvember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Njarðargata verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Hringbraut og Sóleyjargötu.

2. Frakkastígur verður aðalbraut milli Skólavörðustígs og Njálsgötu, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Njálsgötu.
3. Stöðvunarskylda fyrir hægri beygju af Litluhlíð til vesturs inn á Hafnarfjarðarveg verður felld úr gildi, en í staðinn komi biðskylda.
4. Akstur annarra ökutækja en strætisvagna verður bannaður um stíg milli Hjalla-vegs og Flúðasels.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. nóvember 1978.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 20. október 1978.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1978—1979.

	1.	2.	3.	4.	Bekkur 5.	6.	7.	8.	9.
Móðurmál					9	8	6	5	5
Stærðfræði					5	5	5	5	5
Saga, félagsfræði, landafræði	} 16	16	18	} 20	} 7	7	} 14	14	
Kristinfræði									
Líffræði, eðlis- og efnafræði									
Heimilisfræði									
Tónmennt	} 4	4	6	} 8	} 6	6	} 3	4	4
Mynd- og handmennt									
Danska					3	3	3	4	4
Enska						3	4	4	4
Íþróttir ¹	2	2	2	2	3	3	3	3	3
Valgreinar									10—16
Nem. stundir	22	22	26	30	33	35	35	35	31—37
Skiptistundir			2	3	3	3	4	5	
kenn. stundir	22	22	28	33	36	38	39	40	

1. Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

- 1) Stundaskrárviðmiðun þessi kemur í stað auglýsingar nr. 184/1977 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk skólaárið 1976—77.

Auk þess vísast til aðalnámskrár grunnskóla og ennfremur til gagna varðandi kennslu í einstökum greinum sem skólum verða send.

- 2) Miðað við stundaskrárviðmiðun fyrir skólaárið 1977—78, þá hafa eftirtaldir breytingar verið gerðar:

a) Fjöldi kennslustunda í einstökum greinum er ekki tiltekinn nema í 5.—9. bekk í móðurmáli, stærðfræði og dönsku, í 6.—9. bekk í ensku og í íþróttum í öllum bekkjum. Að öðru leyti er aðeins tilgreint um stundafjölda í greinaflokkum og getur hver skóli um sig ákveðið kennslu í einstökum greinum innan þess ramma sem tilgreindur er. Þó er ekki heimilt að fella niður kennslu í námsgrein nema þá tímabundið og að höfðu samráði við hlutaðeigandi fræðslustjóra.